

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/114

2016/EES/27/63

frá 28. janúar 2016

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2017 yfir aukamarkbreytur varðandi heilbrigði og heilbrigði barna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)(1), einkum f-lið 2. mgr. 15. gr., ásamt 1. mgr. 15. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um tekjur og lífskjör til að tryggja að tiltæk séu samanburðarhæf og uppfærð þversniðs- og langsníðsgögn um tekjur og sem taka til umfangs og samsetningar fátækta og félagslegrar útilokunar á innlendum vettvangi og á vettvangi Sambandsins.
- 2) Samþykkja ætti framkvæmdarráðstafanir árlega samkvæmt f-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 til að tilgreina aukamarksvið og -breytur sem eiga að fylgja með á því ári í þversniðsþætti hagskýrslna ESB um tekjur og lífskjör. Samþykkja ætti framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina aukamarkbreytur og kennimerki þeirra fyrir viðhengið 2017 varðandi heilbrigði og heilbrigði barna.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Skráin um aukamarkbreyturnar og kennimerkin fyrir viðhengið 2017 varðandi heilbrigði og heilbrigði barna, sem eru hluti af þversniðsþætti hagtalna ESB um tekjur og lífskjör, skal vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 23, 29.1.2016, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

*VIÐAUKI*

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi einingar, gagnasöfnunaraðferðir, viðmiðunartímabil og gagnasendingar:

**1. Einingar**

Markbreyturnar tengjast mismunandi einingum:

upplýsingar um fjárhagslega byrði eiga við heimili og vísa til heimila í heild,

veita skal upplýsingar um heilsu fyrir sérhvern núverandi heimilismann eða, ef við á, um alla valda svarendur sem eru 16 ára og eldri,

veita skal upplýsingar um almennt heilbrigði og takmarkaða virkni vegna heilbrigðisvandamála fyrir hvert barn á aldrinum 0–15 ára,

upplýsingar um að barn hafi þurft að fá tannlæknisskoðun eða lækniaskoðun eða -meðferð en ekki fengið eiga við heimili og vísa til allra barna á aldrinum 0–15 ára sem búa á heimilinu sem heild,

aldur vísar til þess aldurs þegar viðtalið var tekið.

**2. Gagnasöfnunaraðferðir**

Einstaklingsviðtal við þann sem svarar fyrir heimilið er gagnasöfnunaraðferðin sem notuð er fyrir breytur sem gilda um heimili.

Einstaklingsviðtal við alla núverandi heimilismenn 16 ára eða eldri eða, eftir atvikum, við hvern valinn svaranda, er gagnasöfnunaraðferðin fyrir breytur sem gilda um einstaklinga.

Að því er varðar breytur þar sem spurningar varða börn er gögnum safnað á grundvelli einstaklingsviðtals við þann sem svarar fyrir heimilið.

Einungis er viðunandi að taka einstaklingsviðtöl (í undantekningartilvikum má tala við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) í ljósi eðlis upplýsinganna sem safna skal.

Hægt er að reikna breytur um líkamsþyngdarstuðul (BMI) út frá upplýsingum sem safnað er í viðtalinu um hæð og þyngd eða beint frá spyrjanda með því að nota sýnisþjald. Einungis þarf að senda gildið fyrir líkamsþyngdarstuðul til Hagstofu Evrópusambandsins.

**3. Viðmiðunartímabil**

Markbreyturnar tengjast mismunandi viðmiðunartímabilum:

núgildandi viðmiðunartímabili fyrir breytu líkamsþyngdarstuðuls, almennt heilbrigði barna og takmarkaða virkni vegna heilbrigðisvandamála barna,

hefðbundinni viku, fyrir breytur sem eru tengdar hreyfingu,

hefðbundinni viku, á árstíð þegar oftast eru borðaðir ávextir og grænmeti,

síðustu 12 mánuðir fyrir allar aðrar breytur.

**4. Gagnasending**

Senda ætti aukamarkbreyturnar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í gagnaskránni um heimili (H-skránni), skráningar-skránni um einstaklinga (R-skránni) og gagnaskránni um einstaklinga (P-skránni) á eftir aðalmarkbreytunum.

Kennimerki breytu	Markbreyta
<b>Heilbrigði</b>	
HS200	<p><i>Fjárhagsleg byrði læknishjálpar</i></p> <p>Þung byrði</p> <p>Nokkur byrði</p> <p>Engin byrði</p>
HS200_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist læknishjálpar)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
HS210	<p><i>Fjárhagsleg byrði tannhirðu</i></p> <p>Þung byrði</p> <p>Nokkur byrði</p> <p>Engin byrði</p>
HS210_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist tannhirðu)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
HS220	<p><i>Fjárhagsleg byrði lyfja</i></p> <p>Þung byrði</p> <p>Nokkur byrði</p> <p>Engin byrði</p>
HS220_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist lyfja)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
PH080	<p><i>Fjöldi heimsókna til tannlæknis eða tannréttingsérfræðings</i></p> <p>Engin</p> <p>1–2 sinnum</p> <p>3–5 sinnum</p> <p>6–9 sinnum</p> <p>10 sinnum eða oftar</p>
PH080_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Svarandi var ekki valinn</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>

Kennimerki breytu	Markbreyta
PH090	<p><i>Fjöldi skoðana hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni</i></p> <p>Engin</p> <p>1–2 sinnum</p> <p>3–5 sinnum</p> <p>6–9 sinnum</p> <p>10 sinnum eða oftar</p>
PH090_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Svarandi var ekki valinn</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
PH100	<p><i>Fjöldi skoðana hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum</i></p> <p>Engin</p> <p>1–2 sinnum</p> <p>3–5 sinnum</p> <p>6–9 sinnum</p> <p>10 sinnum eða oftar</p>
PH100_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Svarandi var ekki valinn</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
PH110	<p><i>Líkamsþyngdarstuðull (BMI)</i></p> <p>BMI-númer</p>
PH110_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Svarandi var ekki valinn</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
PH120	<p><i>Tegund hreyfingar við störf</i></p> <p>Sit að mestu leyti</p> <p>Stend að mestu leyti</p> <p>Einkum gangandi eða verkefni sem krefjast hæfilegrar líkamlegrar áreynslu</p> <p>Einkum erfiðisvinna eða líkamlega krefjandi vinna</p>
PH120_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (engum vinnutengdum verkefnum er sinnt)</p> <p>Svarandi var ekki valinn</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>

Kennimerki breytu	Markbreyta
PH130	<i>Tíma sem er eytt í hreyfingu (að vinnu undanskilinni) í hefðbundinni viku</i> KK/MM (klukkustundir/mínútur) á viku
PH130_F	Fyllt út Vantar Svarandi var ekki valinn Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH140	<i>Tíðni neyslu ávaxta</i> Tvisvar sinnum eða oftar á dag Einu sinni á dag 4–6 sinnum í viku 1–3 sinnum í viku Sjaldnar en einu sinni í viku Aldrei
PH140_F	Fyllt út Vantar Svarandi var ekki valinn Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH150	<i>Tíðni neyslu grænmetis eða salats</i> Tvisvar sinnum eða oftar á dag Einu sinni á dag 4–6 sinnum í viku 1–3 sinnum í viku Sjaldnar en einu sinni í viku Aldrei
PH150_F	Fyllt út Vantar Svarandi var ekki valinn Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
<b>Heilbrigði barna</b>	
RC010	<i>Almennt heilbrigðisástand (barns)</i> Mjög gott Gott Sæmilegt Slæmt Mjög slæmt
RC010_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (barn er eldra en 15 ára) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

Kennimerki breytu	Markbreyta
RC020	<p><i>Takmörkuð virkni vegna heilbrigðisvandamála (barn)</i></p> <p>Verulega takmörkuð</p> <p>Takmörkuð en ekki verulega</p> <p>Ótakmörkuð</p>
RC020_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (barn er eldra en 15 ára)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
HC010	<p><i>Þörf fyrir lækni skoðun eða meðferð (barna) ekki sinnt</i></p> <p>Já (það var að minnsta kosti eitt tilvik þegar að minnsta kosti eitt barn fór ekki í lækni skoðun eða meðferð)</p> <p>Nei (barnið/börnin fengu lækni skoðun eða meðferð í hvert skipti þegar þau þörfuðust þess)</p>
HC010_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (ekkert barnanna þurfti í raun á lækni skoðun eða meðferð að halda)</p> <p>Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
HC020	<p><i>Meginástæða þess að þörf fyrir lækni skoðun eða meðferð var ekki sinnt (börn)</i></p> <p>Sjúklingur hafði ekki efni á því (of dýrt)</p> <p>Biðlisti</p> <p>Hafði ekki tíma vegna vinnu, umönnunar barna eða annarra einstaklinga</p> <p>Of langt að fara eða farartæki vantaði</p> <p>Aðrar ástæður</p>
HC020_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (HC010 ekki jafnt og já)</p> <p>Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>
HC030	<p><i>Þörf fyrir tannlæknaskoðun eða meðferð (barna) ekki sinnt</i></p> <p>Já (það var að minnsta kosti eitt tilvik þegar að minnsta kosti eitt barn fór ekki í tannlæknaskoðun eða meðferð)</p> <p>Nei (barnið/börnin fengu tannlæknaskoðun eða -meðferð í hvert skipti þegar þau þörfuðust þess)</p>
HC030_F	<p>Fyllt út</p> <p>Vantar</p> <p>Á ekki við (ekkert barnanna þurfti á tannlæknaskoðun eða meðferð að halda)</p> <p>Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu)</p> <p>Á ekki við (RB010 ≠ 2017)</p>

Kennimerki breytu	Markbreyta
HC040	<i>Meginástæða þess að þörf fyrir tannlæknaskoðun eða meðferð var ekki sinnt</i> Sjúklingur hafði ekki efni á því (of dýrt) Biðlisti Hafði ekki tíma vegna vinnu, umönnunar barna eða annarra einstaklinga Of langt að fara eða farartæki vantaði Aðrar ástæður
HC040_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (HC030 ekki jafnt og já) Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)